



## Fundargerð

### 32. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 20. nóvember 2024, kl. 08:30.

#### Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

#### 1. Fundargerð 290. fundar skipulagsnefndar UTU - 2411005

Lögð fram fundargerð 290. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-213.

*Mál nr. 1; Ás 3 II-3land L204644; Skilgreining lóðar; Deiliskipulag - 2405084*

*Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga deiliskipulags sem tekur til lands Áss 3 II-3land L204644. Tillagan tekur til um 2,3 ha lands þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, bílskúrs og geymsluskúrs.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu.*

*Hreppsnefndin telur að brugðist haft verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan skipulagstillögunnar. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eigendum Skógaráss L204645 verði tilkynnt um niðurstöðu málsins þar sem fram komu athugasemdir um aðkomu að lóðinni sem deiliskipulagið tekur til.*

*Mál nr. 27; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-213 - 2410002F*

*Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-213.*

#### 2. Fundargerð 291. fundar skipulagsnefndar UTU - 2411041

Lögð fram fundargerð 291. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-214.

*Mál nr. 1; Efri-Sumarliðabær L165276; Húsaskógur; Stofnun lóðar - 2410080*

*Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 21.10.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar.*

*Óskað er eftir að stofna 40.000 fm landeign, Húsaskógur, úr landi Efri-Sumarliðabæjar L165276. Aðkoma að lóðinni er um vegslóða sem liggur frá heimreið Efri-Sumarliðabæ að landinu og með austurmörkum lóðarinnar.*

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða beiðni um afmörkun og stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir erindið. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem skógaræktar- og landgræðslusvæði SL4 innan aðalskipulags Ásahrepps þar sem eftirfarandi*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HHA', 'K.H.', 'LL', 'BI', and 'JF'.*

skilmálar koma fram: "Skógræktarsvæði þar sem unnið er að gróðursetningu undir merkjum Suðurlandsskóga/Skógræktarinnar. Heimilt er að nýta svæðið til útivistar og útbúa gönguleiðir, áningarstaði og bílastæði. Stærð svæðis er um 117 ha." Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að framkvæmdir innan lands eru að jafnaði háðar útgáfu framkvæmdaleyfis og/eða byggingarleyfis. Hreppsnefndin bendir á að innan merkjalýsingar skal tilgreina með greinilegum hætti um notkun svæðisins á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Mál nr. 2; Holtamannafréttur; Búðarháls; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2405016

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar skilgreiningu efnistökusvæðis á austanverðum Búðarhálsi, milli Tungnaár og vegarins að Sporðöldustíflu. Efnistökusvæðið er á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar, merkt E8. Stærð námu verði 2,3 ha og heimiluð efnistaka allt að 49.000 m<sup>3</sup>.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að samningur um efnisnám og fyrirkomulag greiðslna fyrir efnisnám á námusvæðum sé forsenda útgáfu framkvæmdaleyfis.

Mál nr. 3; Ás 3 land II-3 L204644; Vegtenging; Framkvæmdarleyfi - 2410097

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til veglagningar og vegtengingar á milli afleggjara að Skógarási L204645 og Ás 3 land II-3 L204644. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á grundvelli heimilda deiliskipulags Skógaráss. Mælist hreppsnefndin til þess að málsaðili leiti samráðs við landeigenda Skógaráss um framkvæmdina í samráði við skipulagsfulltrúa UTU.

Mál nr. 4; Holtamannafréttur L221893; Sigöldustöð; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2405114

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 eftir kynningu. Með breytingunni felst að skilgreint verði nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun, en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m<sup>3</sup> af efni. Umsagnir bærust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Afgreiðsla Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu liggur fyrir en tillagan fór fyrir mistök til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun eftir kynningu þar sem óskað var eftir heimild til að auglýsa tillöguna. Er tillagan því lögð fram til samþykktar fyrir auglýsingu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna efnistökusvæðis við Sigöldustöð í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga. Samþykkt Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu tillögunnar liggur fyrir.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að samningur um efnisnám og fyrirkomulag greiðslna fyrir efnisnám á námusvæðum sé forsenda útgáfu framkvæmdaleyfis.

Mál nr. 5; Kálfholt L165294; Kálfholt M1, Bergholt og Kálfholt M2; Stofnun lóða - 2411005

Ísleifur Jónasson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Lögð er fram til samþykktar merkjalýsing, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, sem tekur til landskipta á jörðinni Kálfholt 165294 í Ásahreppi. Premur spildum er skipt úr jörðinni Kálfholti M1 (28,6 ha) Kálfholt M2 (16,5 ha) og Bergholt (65.964 fm) Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun spildnanna skv. framlagðri

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Hótt", "Kfr.", "ST", and "BT".

merkjalýsingu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða erindið. Hreppsnefnd bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Mál nr. 39; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-214 - 2410004F

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-124.

### 3. Nefnd um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi - 9 - 2410002F

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fundargerðina.

3.1 2410027 - Bókun hreppsnefndar vegna fundargerðar 8. fundar

3.2 2309001 - Ákvörðun um næstu skref

### 4. Fundargerð 31. fundar stjórnar Odda bs. - 2411021

Lögð fram fundargerð 31. fundar stjórnar Odda bs ásamt viðauka við fjárhagsáætlun 2024, fjárhagsáætlun 2025 og gjaldskrá Odda bs. fyrir árið 2025.

Dagskrárliðir 2, 3 og 4 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar Odda bs. undir 2. dagskrárlið:

Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2024 Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 2 fyrir Odda bs. Lagður fram viðauki 2 við rekstraráætlun Odda bs 2024. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn gerir ráð fyrir auknum rekstarkostnaði að fjárhæð kr. 9.600.000. Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlagi frá Rangárþingi ytra að fjárhæð kr. 44.893.041 en lækkun framlaga frá Ásahreppi um kr.35.293.041. Gert er ráð fyrir leiðréttingu framlaga sveitarfélaganna vegna uppfærslu á raunfjölda nemenda frá hvoru sveitarfélagi. Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2024.

Bókun stjórnar Odda bs undir 3. dagskrárlið er:

Lögð fram og rædd tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs fyrir árið 2025. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á gjaldskrá leikskólana í kjölfar tillagna stýrihóps um þróun leikskólastarfs. Markmiðið með breytingum á gjaldskrá er m.a. að reyna að koma til móts við ákvæði kjarasamninga um styttingu vinnutímans og bæta rekstrarumhverfi leikskólanna. Þar er verið að taka upp stigskipta gjaldskrá eftir vistunartíma. Jafnframt er verið að gera tillögu um leikskólarnir loki kl. 14:00 á föstudögum en boðið verði upp á sérskráningar eftir kl. 14:00 á föstudögum. Þá verði leikskólar lokaðir í jólafríu grunnskóla og dimbilviku en í boði verði upp á sérskráningar í jólafríu og í dimbilviku en tekið sérstakt gjald fyrir. Þá er lagt til að gjöld vegna fyrir hverjar 15 mín umfram 8 klst. vistun og gjald fyrir að sækja börn of seint í leikskóla hækki. Gert er ráð fyrir að fæðisgjöld og gjöld vegna skóladagheimila hækki um 3,5% í samræmi við tilmæli kjarasamninga en gert er einnig ráð fyrir að skóladagheimili loki kl. 14:00 á föstudögum. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2025. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða gjaldskrá Odda bs. 2025. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn þær tillögur sem stjórn Odda bs. hefur samþykkt á 30. fundi sínum um þróun leikskólastarfs til að styrkja starfsumhverfi leikskólana og mæta kröfum vegna styttingu vinnuvikunnar. Hreppsnefnd leggur áherslu á að í kjölfar þessara breytinga verði þær kynntar ítarlega fyrir foreldrum leikskólabarna og þeirra foreldra sem nýta sér skóladagheimili grunnskóla. Jafnframt er lagt til að breytingar á gjaldskrá og þróunar leikskólastarfs verði tekið til skoðunar eftir skólaárið.

HBH  
Kfr.  
JF  
AI

Bókun stjórnar Odda bs. undir 4. dagskrárlíð:

Lögð er fram og rædd tillaga að fjárhagsáætlun 2025 fyrir Odda bs. Stjórnin hefur átt vinnufund m.a. með öllum skólastjórum byggðasamlagsins og farið yfir þeirra áherslur. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr. 1.698.746.000 sem er um 12% hækkun frá áætlun síðasta árs. Framlöggin skiptast þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 1.504.722.269 og hlutur Ásahrepps kr. 193.990.731. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2024 sem er 270 grunnskólabörn og leikskólabörn sem telja 148,7 barngildi. Tillaga er um að samþykkja fjárhagsáætlun 2025 fyrir Odda bs. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða niðurstöður stjórnar Odda bs undir dagskrárlíðum nr. 2, 3 og 4 í fundargerð.

Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.

#### 5. Fundargerð 11. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2411016

Lögð fram fundargerð 11. fundar stjórnar Húsakynna bs. ásamt fjárhagsáætlun 2025.

Dagskrárlíður nr. 2 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar Húsakynna er:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 lögð fram til umræðu og samþykktar. Gert er ráð fyrir 15 mkr. í fjárfestingu árinu vegna áframhaldandi uppbyggingar á leikskóladeildum og viðhaldi á skólahúsnæði. Stefnt að því að sambærilegt fjármagn verði lagt til reksturs og fjárfestingu til næstu fjögurra ára. Lagt til að gera fjárfestingar- og viðhaldsáætlun í samræmi við frumdrög húsrýmisaætlunar sem verði tilbúin fyrir vinnu fjárhagsáætlunar 2026-2029. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2025, fyrir sitt leyti.

#### 6. Fundargerð 8. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps - 2411027

Lögð fram fundargerð 8. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, ásamt fjárhagsáætlun 2025 og gjaldskrá 2025.

Dagskrárlíðir 2 og 3 þarfnast staðfestingu hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar um 2. dagskrárlíð:

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2025.

Tillaga gerir ráð fyrir að tekjur verði 140mkr og rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 16,8mkr. Fjárfesting ársins verði 37mkr. Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun 2025 fyrir sitt leyti.

Bókun stjórnar um 3. dagskrárlíð:

Lögð fram drög að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps til samþykktar. Lagt er til að hækka gjaldskrá um 3,5%. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða gjaldskrá 2025 fyrir sitt leyti.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

#### 7. Fundargerð 85. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs - 2411017

Lögð fram fundargerð 85. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. ásamt

Hott  
Kfr.  
BT



fjárhagsáætlun 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2025 fyrir sitt leyti.

**8. Fundargerð 240. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2411032**

Lögð fram fundargerð 240. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu ásamt viðauka við fjárhagsáætlun 2024, fjárhagsáætlun 2025 og gjaldskrá 2025.

Dagskrárliðir 2, 3 og 4 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar við dagskrárlið nr. 2:

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2024. Helstu breytingar skv. honum er að gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 56,9 m.kr. vegna aukins móttækis úrgangs. Þá hækka laun um 8,5 m.kr. vegna aukinna umsvifa og forfalla vegna veikinda. Hliðgjöld hjá þjónustuaðila hækka um 9,5 m.kr vegna aukins magns sem sent er frá Strönd.

Stjórn samþykkir viðaukann og vísar honum til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

Bókun stjórnar við dagskrárlið nr. 3:

Tillaga að gjaldskrá 2025 lögð fram. Lagt er til að sorphirðu- og sorpeyðingargjöld hækki um 3,5%. Móttökugjöld á gjaldskyldum úrgangi hækka í samræmi við hækkanir á afsetningu hjá þjónustuaðilum og vegna aukins kostnaðar við meðhöndlun og vinnslu úrgangs á Strönd fyrir afsetningu.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar henni til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða gjaldskrá 2025.

Bókun stjórnar við dagskrárlið nr. 4:

Fjárhagsáætlun 2025 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 270,7 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 268,1 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 32,2 m.kr. og að fjárfestingar á árinu 2025 verði 51 m.kr.

Fjárhagsáætlun er samþykkt og vísað til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun 2025.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

**9. Fundargerð 34. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs - 2411039**

Lögð fram fundargerð 34. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs ásamt fjárhagsáætlun 2025.

Dagskrárliður nr. 2 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar við dagskrárlið nr. 2:

Lögð fram rekstraráætlun ársins 2025

Gert er ráð fyrir:

Rekstrartekjum að upphæð kr. 162.866.000.

Rekstrargjöld að upphæð kr. 162.690.000, án fjármagnsliða.

Rekstrarframlög sveitarfélaganna verði kr. 138.322.000.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun og vísar til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun 2025.

Höft  
Kfr.  
JF  
Kfr.

*Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.*

**10. Fundargerð 116. fundar stjórnar UTU - 2411045**

Lögð fram fundargerð 116. fundar stjórnar UTU ásamt fjárhagsáætlun 2025-2028 og minnisblaði KPMG um rekstur seyruverkefnis.

*Dagskrárliður nr. 5, Fjárhagsáætlun UTU 2025-2028, þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.*

*Nanna Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu 5. dagskrárliðar.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun fyrir árin 2025-2028.*

**11. Fundargerð 6. fundar Héraðsnefndar Rangæinga - 2411018**

Lögð fram fundargerð 6. fundar Héraðsnefndar Rangárvallasýslu ásamt fjárhagsáætlun 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Rangæinga 2025 fyrir sitt leyti. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd samhljóða fyrir sitt leyti að gengið verði til samninga um að Rangárþing ytra taka að sér bókhaldsþjónustu fyrir Héraðsnefndina.*

*Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.*

*Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**12. Fundargerð 86. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2411019**

Lögð fram fundargerð 86. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu ásamt fjárhagsáætlun 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu fyrir rekstrarárið 2025.*

**13. Fundargerð stjórnar Skógasafns, 12. nóvember 2024 - 2411037**

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 12. nóvember 2024 ásamt fjárhagsáætlun 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Skógasafns 2025.*

*Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.*

**14. Fundargerð stjórnar Skógasafns, 10 september 2024 - 2411033**

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 10. september 2024.

*Til kynningar.*

**15. Fundargerð stjórnar Skógasafns, 3. október 2024 - 2411034**

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 3. október 2024.

*Til kynningar.*

**16. Fundargerð stjórnar Skógasafns, 9. október 2024 - 2411035**

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 9. október 2024.

*Til kynningar.*

17. **Fundargerð stjórnar Skógasafns, 18. október 2024 - 2411036**  
Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 18. október 2024.  
*Til kynningar.*
18. **Fundargerð 11. fundar stjórnar Lundar - 2411003**  
Lögð fram fundargerð 11. fundar stjórnar Lundar.  
*Til kynningar.*
19. **Fundargerð 12. fundar stjórnar Lundar - 2411004**  
Lögð fram fundargerð 12. fundar stjórnar Lundar.  
*Til kynningar.*
20. **Fundargerð héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 16. október 2024 - 2411001**  
Lögð fram fundargerð héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 16. október 2024.  
*Til kynningar.*
21. **Fundargerð 84. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs - 2411044**  
Lögð fram fundargerð 84. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.  
*Til kynningar.*
22. **Fundargerð 114. fundar stjórnar UTU - 2411023**  
Lögð fram fundargerð 114. fundar stjórnar UTU.  
*Til kynningar.*
23. **Fundargerð 115. fundar stjórnar UTU - 2411024**  
Lögð fram fundargerð 115. fundar stjórnar UTU.  
*Til kynningar.*
24. **Fundargerð 328. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 2411007**  
Lögð fram fundargerð 328. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs.  
*Til kynningar.*
25. **Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2025 - 2411022**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ásamt fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2025, sem samþykkt var á aðalfundi 1. nóvember s.l.  
*Til kynningar.*
26. **Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs. dags. 14. október 2024 - 2411009**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans bs, sem haldinn var 14. október 2024 ásamt skýrslu stjórnar, útkomuspá ársins 2024 og fjárhagsáætlun 2025. Jafnframt var lögð fram greinargerð með útkomuspá og fjárhagsáætlun.  
*Til kynningar.*

HBT  
Kfr.  
JJ  
BT

- 27. Fundargerð 78. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2411014**  
Lögð fram fundargerð 78. fundar stjórnar Bergrisans bs.  
*Til kynningar.*
- 28. Fundargerð 18. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2411010**  
Lögð fram fundargerð 18. fundar stjórnar Arnardrangs hses.  
*Til kynningar.*
- 29. Fundargerð 19. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2411011**  
Lögð fram fundargerð 19. fundar stjórnar Arnardrangs hses.  
*Til kynningar.*
- 30. Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 9. október 2024 - 2411008**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 9. október 2024.  
*Til kynningar.*
- 31. Fundargerð 953. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2411015**  
Lögð fram fundargerð 953. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
*Til kynningar.*
- 32. Fundargerð 954. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2411025**  
Lögð fram fundargerð 954. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
*Til kynningar.*
- 33. Ákvörðun um álagningu útsvars, gjalda og gjaldskrár 2025 - 2411042**  
Lögð fram tillaga að álagningu útsvars og annarra gjalda og gjaldskráa fyrir árið 2025.
- 1. Álagningarprósenta útsvars 2025*  
*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera 14,97%.*
- 2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2025*  
*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignaskatts verði:*  
*A 0,15% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymslúhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.*  
*B 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.*  
*C 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.*  
*Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.*  
*Gjald dagar verða sex (6) talsins árið 2025, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.*  
*Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti. Álagningarseðlar eru*

Höft  
BT  
K.Hr.  
52



aðgengilegir á heimsíðunni [www.island.is](http://www.island.is). Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

3. Gjaldskrá kaldavatnsveitu 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vatsgjöld verði samkvæmt gjaldskrá Vatnsveitu Rangárhings ytra og Ásahrepps bs.

4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárhing ytra og Ásahrepps.

6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2025.

Gjöld vegna hreinsun rotþróa í Ásahreppi fer eftir gjaldskrá sem samþykkt var 20. nóvember 2024. Þar kemur fram að árleg rotþróargjald vegna rotþróa allt að 6000 lítra sem tæmdar eru þriðja hvert ár verði kr. 13.000, en þær sem tæmdar eru fimmta hvert ár kr. 7.800.

7. Heimgreiðslur 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um heimgreiðslur sem lagðar eru fram á þessum fundi og verði kr. 125.000 á árinu 2025.

8. Íþrótt- og tómstundastyrkur 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um íþrótt- og tómstundastyrki, frá nóvember 2019, verði óbreyttar og styrkur geti numið allt að kr. 100.000.

9. Hvatastyrkur til íbúa eldri en 60 ára til íþrótt- og heilsustyrkingar 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita íbúum Ásahrepps hvatastyrk til heilsuefningar og félagslegrar virkni að upphæð allt að kr. 75.000 á hvern íbúa eldri en 60 ára, gegn framvísun greiðslukvittunar fyrir kostnaði er lýtur að heilsurækt og félagslegrar virkni viðkomandi á árinu 2025.

10. Leikskólagjald.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að leikskólagjöld verði skv. útgefinni gjaldskrá Odda bs. fyrir árið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita aukinn afslátt til einstæðra foreldra, námsmanna og öryrkja.

Afslættir verði:

Einstæðir foreldrar: 50%

Námsmenn: annað foreldri 25% en ef báðir foreldrar 50%

Öryrkjar: annað foreldri 25% en ef báðir foreldrar 50%

11. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn á árinu 2025. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

**34. Gjaldskrá Ásaljóss fyrir árið 2025 - 2411046**

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Ásaljóss fyrir árið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða tillögu að gjaldskrá og skal hún gilda frá 1. janúar 2025.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HSH", "Kfr.", "JJ", and "BI".

**35. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025 - 2028 - 2410019**

Lögð fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025-2028.

*Umræður urðu um framlagða áætlun og henni vísað til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla fari fram á aukafundi hreppsnefndar sem haldinn verður 4. desember n.k. klukkan 13:00 á skrifstofu Ásahrepps.*

**36. Neyðarskýli við Hreysiskvísl - 2409005**

Lagt fram tölvuskeyti forsætisráðuneytis, dags. 18. október 2024, ásamt drögum að grunnsamkomulagi fyrir lóðina við Hreysiskvísl ásamt lóðarblaði / afstöðumynd.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi grunnsamkomulag fyrir lóðina við Hreysiskvísl og felur sveitarstjóra að fullklára það í samvinnu við forsætisráðuneytið. Jafnframt felur hreppsnefnd sveitarstjóra að undirrita grunnsamkomulagið fyrir hönd Ásahrepps.*

**37. Styrkbeiðni vegna aðventuhátíðar að laugalandi 2024 - 2411006**

Lagt fram bréf Kvenfélagsins Einingar, dags. 10. október 2024, þar sem óskað er eftir styrk vegna hátíðarinnar með sama hætti og undanfarin ár. Aðventuhátíðin verður haldin sunnudaginn 1. desember 2024 að Laugalandi.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 30.000.*

**38. Erindi Rangárþings ytra; aukaframlag vegna árshátíðar 2024 - 2411013**

Lagt fram tölvuskeyti Rangárþings ytra, dags. 30. október 2024, þar sem fram kemur að kostnaður umfram þátttökugjöld vegna árshátíðar nemur kr. 193.058. Óskað er eftir að Ásahreppur greiði hluta þessa kostnaðar, eða kr. 50.000, en Rangárþing ytra kr. 143.058.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að leggja til kr. 50.000 sem sinn hlut í að brúa þetta bil.*

**39. Verkefnisstjóri íþróttar- og fjölmenningsarmála - 2411020**

Lagt fram tölvuskeyti Rangárþings ytra, dags. 23. október 2024 ásamt starfslýsingu íþróttar- og fjölmenningsarmála og verkefnalista.

*Byggðarráð Rangárþings ytra bókaði á 31. fundi sínum:*

*Farið var yfir starfslýsingu verkefnisstjóra íþróttar- og fjölmenningsarmála og hvernig verkefnið hefði gengið.*

*Byggðarráð leggur til að auglýst verði starf íþróttar- og fjölmenningsarmála á grundvelli starfslýsingarinnar sem myndi taka til starfa um næstu áramót og sveitarstjóra verði falið að undirbúa auglýsingu fyrir starfið. Jafnframt verði óskað eftir því að Ásahreppur taki þátt í verkefninu á sama hátt og með önnur samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Samþykkt samhljóða.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða af fresta afgreiðslu erindisins og óska eftir að fulltrúi frá Rangárþingi ytra komi á fund hreppsnefndar 4. desember n.k. til að gera betur grein fyrir þessu verkefni og kostnaði við það.*

**40. Styrkbeiðni Ljósins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar - 2411026**

Lagt fram tölvuskeyti, dags. 7. nóvember 2024, þar sem Ljósíð óskar eftir styrk vegna útgáfu Ljósblaðsins. Ljósíð er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Ljósínu styrk að upphæð kr. 10.000.*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HBT', 'Kfr.', and 'Ljósíð'.*

**41. Ósk um lækkaðan umferðarhraða framhjá bæjunum Ás 1, 2 og 3 með tveimur hraðahindrunum - 2411030**

Lagt fram bréf Ástu Beggu Ólafsdóttur, dags. 8. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir því að hreppsnefnd beiti sér fyrir að settar verði tvær hraðahindranir sitt hvoru megin við aðkomu að bæjunum Ás 1, 2 og 3. Bent er á að nauðsynlegt sé að settar verði upp sambærilegar hraðahindranir og við Meiri-Tungu.

*Hreppsnefnd Ásahepps tekur undir með bréfitara að þetta ástand sem nú er við Ás er óviðunandi. Samþykkt samhljóða að ítreka fyrri beiðni Ásahepps til Vegagerðarinnar um að koma þessu í framkvæmd og tryggja sem best umferðaröryggi á þessum stað.*

**42. Styrkbeiðni íþróttasambands fatlaðra vegna Allir með leikanna fyrir fötluð börn - 2411031**

Lagt fram tölvuskeyti Íþróttasambands fatlaðra, dags. 11. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir styrk til að styðja verkefnið "Allir með leikunum".

*Hreppsnefnd Ásahepps samþykkir samhljóða að veita sambandinu styrk að upphæð kr. 10.000.*

**43. Styrkbeiðni Hjálparstarfs kirkjunnar vegna jólasöfnunar - 2411038**

Lagt fram tölvuskeyti Hjálparstarfs kirkjunnar, dags. 12. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna jólasöfnunar.

*Hreppsnefnd Ásahepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 10.000.*

**44. Söguhringur í Rangárvallasýslu - 2411040**

Lagt fram tölvuskeyti byggðaþróunarfulltrúa Rangárþings, dags. 13. nóvember 2024, þar sem kynnt er tillaga að nýju áhersluverkefni hjá SASS, Söguhringur í Rangárvallasýslu. Einnig lögð fram tillaga að verkefninu.

*Hreppsnefnd Ásahepps samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.*

**45. Erindi Garps um endurskoðun styrks og Sportabler - 2411043**

Lagt fram bréf Íþróttafélagsins Garps, dags. 14. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir að kerfi Sportabler verði nýtt við útgreiðslu íþrótt- og tómstundastykja. Einnig er óskað eftir endurskoðun fjárhæðar á árlegum styrk Ásahepps til Garps.

*Hreppsnefnd Ásahepps ákvað á síðasta ári að taka ekki upp kerfi Sportabler vegna hversu hár kostnaðurinn er, þá sérstaklega að teknu tilliti til fjölda barna og ungmenna sem myndu nýta sér lausnina.*

*Varðandi samstarfssamning við Garp þá er hreppsnefnd Ásahepps tilbúin til að fara í endurskoðun á styrkfjárhæð núgildandi samnings. Sveitarstjóra falið að ræða við formann stjórnar Garps.*

**46. Alþingiskosningar 30. nóvember 2024 - 2411047**

Lagt fram tölvuskeyti frá formanni kjörstjórnar, Kristínu Ósk Ómarsdóttur, þar sem fram kemur að kjörstjórn gerir tillögu að því að kjörfundur standi frá kl. 10:00 til 18:00 eins og í forsetakosningum í sumar. Jafnframt hefur komið fram í samtölum formanns kjörstjórnar og sveitarstjóra að heppilegast verði að halda kjörfund í Miðgarði að Laugalandi eins og gert var í forsetakosningum í sumar.

Lögð var fram kjörskrá vegna alþingiskosninganna 30. nóvember 2024.

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HHT', 'MS', 'K.Hr.', 'JF', and 'H'.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kjörfundur verði haldinn í Miðgarði að Laugalandi og að kosningar hefjist klukkan 10:00 og ljúki klukkan 18:00.  
Sveitarstjóra er falið að undirbúa nauðsynlegan fjölda kjörskráa fyrir kjörstjórn.*

**47. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011**

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 31. október 2024.

*Til kynningar.*

**48. Staða verkefnisins Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna - 2411002**

Lögð fram tilkynning Vegagerðarinnar um stöðu verkefnisins um endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna.

*Til kynningar.*

**49. Ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands um vörsluskyldu búfjár - 2411012**

Lagt fram bréf Skógræktarfélags Íslands, dags. 23. október 2024, þar sem kynnt er ályktun aðalfundar félagsins um vörsluskyldu búfjár.

*Til kynningar.*

**50. Niðurstaða verðkönnunar í helmingamokstur og heimreiðar Rangárþings ytra og Ásahrepps - 2411028**

Lagt fram tölvuskeyti Rangárþings ytra, dags. 7. nóvember 2024, ásamt yfirliti yfir niðurstöður verðkönnunar helmingamoksturs og heimreiða Rangárþings ytra og Ásahrepps.

*Til kynningar.*

**51. Ályktanir vegna kjaradeilu kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga - 2411029**

Lagðar fram ályktanir þriggja aðildarfélaga Kennarasambands Íslands, vegna kjaradeilu kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga. Félögin eru: 8. svæðadeild Félags leikskólakennara, Kennarafélög Suðurlands og Vestmannaeyja og Skólastjórafélagi Suðurlands.

*Til kynningar.*

**52. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018**

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 18. desember 2024 á skrifstofu hreppsins að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

*Til kynningar.*

Fundi slitið kl. 14:15.

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'Hótt', 'K.H.', 'S.I.', and a large scribble.*

Íslákur Jónsson


Ísleifur Jónasson



Nanna Jónsdóttir

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson